


Samband íslenskra sjóminjasafna

Fornbátaskrá – Skýrsla nr. 28

Eftirmáli:

Efnisatriði og leiðbeiningar



Opinn árabátur. Skýringarteikning eftir Bjarna Jónsson, 1982, með helstu heitum á bátnum og seglabúnaði.

Reykjavík

2019

Rammi fyrir skráninguna

Til að finna fornbátaskráningunni hæfilegan ramma, gera hana viðráðanlega en samt nægilega ítarlega, var útbúinn efnisatriðalisti sem síðan var notaður allan tímann. Talsverður tími fór í gerð listans og að útbúa leiðbeiningar fyrir efnisatriðin.

Ein ástæðan fyrir hve vandað var til verka að þessu leyti var sú að enn var óljóst hverjir mundu semja skrána, einn maður á vegum SÍS eða starfsmenn safnanna. Alls óvíst var hvort sérstök fjárveiting fengist til verksins.

Til að gera listann sem best úr garði var m.a. farið í leiðangur til Noregs og rætt þar við sérfræðing Riksantikvaren, Erik Småland. Erik fór yfir allar forsendur og fékkst frá honum fjöldi ábendinga og heimilda. Einnig var haft samband við forstöðumann Skibsbevaringsfonden í Danmörku, Tom Rasmussen, og leitað álits hans á efnisatriðalistanum og skilgreiningum. Hann fór yfir hvort tveggja og gaf því raunar ágætis einkunn. Ágúst Ó. Georgsson lagði sömuleiðis margt til málanna, enda sérfræðingur eftir áralanga reynslu af málaflokknum.

Endanleg útgáfa efnisatriðalistans með skýringum og leiðbeiningum sá dagsins ljós vorið 2017 og hafði hann þá verið prófaður um skeið í skráningu. Listinn og skýringarnar eru sem hér segir:

Efnisatriðalisti

Ljósmynd af bátnum

Fyrirsögn: Nafn bátsins og umdæmisnúmer

1. Skipaskrárnúmer / safnnúmer:

2. Tegund (listi):

3. Hlutverk (listi):

- 4. Eigandi:**
- 5. Fyrri nöfn, umdæmisnúmer og eigendur:**
- 6. Heimahöfn / varðveislustaður:**

- 7. Smíðaár (aldur):**
- 8. Hönnuður / yfirmsiður:**
- 9. Skipasmíðastöð / smíðastaður:**
- 10. Brúttórúmllestir:**
- 11. Lengd, breidd og hæð í m:**
- 12. Smíðaefni og samsetning skrokks (listar):**
- 13. Skrokklag (listar):**
- 14. Þilför (listi):**
- 15. Yfirbygging (listi):**
- 16. Lokuð rými (listi):**
- 17. Möstur og seglabúnaður (listi):**
- 18. Vél (listi):**
- 19. Siglingatæki og annar búnaður:**

- 20. Notkunarsaga (listi):**
- 21. Sögulegir atburðir, persónur og staðir tengd bátnum:**
- 22. Ástand báts:**
- 23. Upprunaleiki – breytingasaga:**
- 24. Viðhald og viðgerðir:**

- 25. Heimildir:**
- 26. Varðveislustaða:**
- 27. Almenn umsögn:**

Þessi listi reyndist vel. Helst hefði kannski mátt vera reitur um smíðasöguna og annar í lokin sem hétu Önnur atriði.

Fyrir næstu skráningartörn er eðlilegt að yfirfara listann og breyta ef ástæða þykir til.

Leiðbeiningar og listar

Eftirfarandi leiðbeiningar voru samdar við efnisatriðalistann. Í framkvæmd reyndust þær svo ítarlegar að ekki náðist að fylgja þeim að öllu leyti. Einnig eru hér orðalistar sem styðjast átti við.

Ljósmynd/-ir sem sýna bátinn á greinilegan hátt.

Fyrirsögn: Nafn og umdæmisnúmer bátsins

1. Gildir um báta á skipaskrá Samgöngustofu eða í eigu safns.
 2. *Listi:* Árabátur, seglskip, opinn vélbátur, vélbátur með þilfari, járnskip, stálskip, gúmmíbátur, annað.
 3. *Listar:*
 - *Veiðibátur:* handfærabátur, línubátur, netabátur, dragnótabátur, togari, síldarbátur, rækjuskip, hákarlabátur, hvalveiðiskip, selabátur, annað.
 - *Flutninga- eða farþegabátur:* Ferja, flutningabátur, flóabátur, farþegabátur, léttbátur, skipsbátur, uppskipunarbátur, annað.
 - *Sérhæft skip:* Dráttarbátur, lóðsbátur, varðskip, vitaskip, bjögunarbátur, bjögunarskip.
 - *Frístundabátur:* Hraðbátur, kappróðrabátur, vatnabátur.
 - *Annað.*
- Ef hlutverk eru/voru fleiri en eitt skal telja þau upp.
4. Láta koma fram ef um er að ræða skráð fyrirtæki eða sjálfseignarstofnun.
 5. Hér skulu sett inn í tímaröð eldri nöfn báts og umdæmisnúmer ásamt nöfnum eigenda.
 6. Heimahöfn báts sem er á floti; varðveislustaður ef báturinn hefur verið tekinn á land, t.d. á safn.
 7. Smíðaár eða árabíl ef það er ekki nákvæmlega vitað.
 8. Sá sem teiknar bátinn /stjórnar smíði og útliti / býr til skapalón.
 9. Nafn skipasmíðastöðvar og staður.
 10. Algengur mælikvarði á stærð báta. Skammstöfun: brl.
 11. Skrá skal mestu lengd, breidd og hæð báta yfirleitt. Um báta á skipaskrá gildir mæld lengd (sjá lög nr. 146 / 2002). Mælt er í metrum með einum aukastaf.

12. Segja skal hvaða tegund af viði eða málmum er að ræða ef kostur er.

Listi yfir efni: ál, eik, fura, greni, gúmmí, krossviður, rekaviður, járn, stál, plast, viður (ótilgreindur).

Listi fyrir samsetningu: Trénaglar, járnaglar, skarsúð, sléttsúð, hnoðaðir járnboltar, járnstuða / rafsúða, plaststeypa, annað.

13. *Listi fyrir stefni:* bogið - hallar lítið/mikið, beint - hallar lítið/mikið, lóðrétt, annað.

Listi fyrir skut: boginn - hallar lítið/mikið, beinn - hallar lítið/mikið, lóðréttur, þver, hekk, drottningarrass, annað.

Listi fyrir bátalag: Breiðfirskt lag, Engeyjarlag, Steinslag, Færeyskt lag, Norskt lag, Sandalag, Djúplag. Ath: Þessi listi er einkum hugsaður fyrir báta sem eru nú þegar með skilgreindu bátalagi eða ef bátalag er augljóst.

14. *Listi:* Ekkert þilfar, hálfþiljað, alþiljað, annað.

15. *Listi:* Stýrishús (afturbyggður/frambyggður), hvalbakur/kappi, lúkarskappi (rúff), vélarhús, annað.

16. *Listi:* Vélarúm, lest, eldhús, matsalur (messi), salerni, lúkar, káetur (fjöldi), annað.

17. *Listi:* Fjöldi mastra, bugspjót (útleggjari), fjöldi bóma, fjöldi segla og gerð, annað.

18. Gerð vélar, framleiðandi, smíðaár, eldsneyti, vélarafli.

19. Telja upp tækin og e.t.v. lýsa notkun þeirra.

20. Notkunarsaga bátsins. Meðal atriða sem æskilegt er að komi fram:

- a. Á hvaða tímabili báturinn var notaður og hvar á landinu.
- b. Í hvaða verkefni hann var notaður og hverjir notuðu hann.
- c. Afli og mið veiðibáts.
- d. Farmur flutningabáts.
- e. Siglingaleiðir flutninga- og farþegaskips.
- f. Hlutverk sérhæfðs skips, eiginleikar og búnaður sem tilheyrir starfsemi þess.
- g. Fjöldi í áhöfn.
- h. Breytingar á notkun bátsins í tímans rás.
- j. Hvort báturinn sé enn í notkun og þá hvar.

21. Sögulegir atburðir, persónur og staðir tengdir bátunum.

22. Ef ástand bátsins hefur verið metið. *Listi:* Gott, sæmilegt, slæmt eða ónýtur.

